



Sjálfsmatsáætlun

Menntaskólans í Reykjavík

2019 - 2020

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2.	Sjálfsmat	3
2.1	Sjálfsmatsáætlun 2019-2020	3
2.1.1	Samantekt jólaprófa	3
2.1.2	Námsárangur	4
2.1.3	Kennslukönnun og líðan nemenda	4
2.1.4	Viðhorf nemenda	4
2.1.5	Starfsmannasamtöl og rafræn könnun	4
2.1.6	Mat á þjónustu bókasafns	5
2.1.7	Notkun námsnets	5
2.1.8	Aðrar athuganir og kannanir	5
2.1.9	Yfirlit yfir viðfangsefni innra mats	5
3.	Lokaorð	5

1. Inngangur

Samkvæmt VII. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar er átt við stjórnun, kennslu og aðra þjónustu innan skólans, sem og ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Farið skal yfir alla þætti skólstarfsins á tilteknu árabili og gerð umbótaáætlun sem komið verði í framkvæmd.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Gæðastjóri og kennslustjóri skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans. Skólinn birtir á heimasíðu sinni allar upplýsingar um innra og ytra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð hvers og eins á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innan lands eða erlendis að loknu stúdentsprófi. Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið með verkefninu er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði og velferð framhaldsskólanema.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á vísindalæsi nemenda og færni þeirra og hæfni í verklegum þætti vísindagreina. Skólinn hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar kennslu á sviði raunvísinda þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði erlendra tungumála, bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með þjálfun menningar- og vísindalæsis leggur skólinn grunn að öflugri sköpun innan margvíslegra fræðigreina um leið og hann kappkostar að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatækni býður upp á.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun.

Skólinn leggur áherslu á að búa nemendur vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og að efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska og jafnréttisvitund nemenda. Þar fá þeir tækifæri til að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós. Í skólanum fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmynd og almennri vellíðan í skólanum.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við menntamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stoðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hættu í MR eða féllu á árinu	%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	851	836	50	5,98%	65	7,65%

2017	855	834	34	3,72%	55	6,43%
2018	829	768	24	2,9%	37	4,46%
2019	669					

Í upphafi skólaárs 2019-20 voru innritaðir nemendur 666, þar af voru 90 eða 13,5% á málabraut og 576 eða 86,5% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 60% nemenda stúlkur og 40% piltar.

Við upphaf skólaársins 2019-20 eru starfsmenn skólans 77 þar af 63 kennarar, fjórir yfirstjórnendur (rektor, konrektor, fjármálastjóri og kennslustjóri), tveir námsráðgjafar (1,7 stöðuhlutfall), einn bókasafnsfræðingur, tveir á skrifstofu (1,6 stöðuhlutfall), einn umsjónarmaður fasteigna, tveir vinna í mötuneyti, (annar sér um matseld fyrir kennara meðan hinn heldur utan um matsölu nemenda), einn hjúkrunarfræðingur. Ræstingar eru að hluta til keyptar af fyrirtæki, 3 starfsmenn skólans sjá um hluta ræstinga. Kynjaskipting er nokkuð jöfn í starfsmannahópnum, 34 konur (55%) og 28 karlar (45%).

Menntunarstig kennara er hátt en sex þeirra eru með doktorspróf og mikill meirihluti þeirra er með meistarapróf. 99% kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Stundakennarar eru fáir þetta skólaár, flestir með kennsluréttindi eða eru að ljúka þeim á haustmisseri.

2. Sjálfsmat

Innra mat Menntaskólans í Reykjavík er lögboðið og markmið þess er einkum að bæta skólastarfið, auka vellíðan nemenda og starfsfólks í skólanum og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Sjálfsmat skólans er í stöðugri þróun en vissir matsþættir fara fram árlega. Þar má nefna námsárangur á jólaprófum og kennslukönnun þar sem leitast er við að skoða sem flesta þætti kennslu, svo sem kennsluhætti, starfsþróun og fagmennsku auk annarrar þjónustu skólans.

Sett er fram áætlun að hausti fyrir skólaárið og unnið eftir henni. Unnið er að þriggja ára verkáætlun til þess að ná til og greina alla þætti skólastarfsins á að minnsta kosti þriggja ára fresti og þá sérstaklega með tilliti til notkunar á námsnetinu. Skólaárið 2019-2020 verður auk ofangreindra þátta farið yfir umbótaáðgerðir og lögð verður fyrir könnun fyrir starfsfólk um líðan, þarfir og starfsanda og sérstök rannsókn gerð á álagi kennara í starfi.

Fagstjórar allra deilda verða kallaðir á fund í nóvember 2019 með gæðastjóra og gæðanefnd þar sem farið verður yfir niðurstöður kannana fyrra árs og leiðir fundnar til úrbóta. Einnig verða undirbúnar rannsóknir vetrarins sem verða bæði eigindlegar og megindelegar.

Við allar þessar rannsóknir verður lögð áhersla á að starfið sé skipulagt og faglegt með það að markmiði að niðurstöður skili sér í umbótum til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi.

2.1 Sjálfsmatsáætlun 2018-2019

Með þessu skjal fylgir viðhengi þar sem farið er yfir tiltekin viðfangsefni innra mats skólaárið 2019-20. Þegar rýnt er í viðhengið sést að stór hluti matsins þetta árið er út frá hugmyndafræði eigindlegra rannsóknaraðferða.

2.1.1 Endurskoðun skólareglna

Starfsmenn og nemendur skólans vinna saman að endurskoðun skólareglna. Framkvæmd endurskoðunarinnar er í höndum stjórnenda á vor- og haustmisseri. Niðurstöður verða kynntar nemendum og ræddar í deildum og á kennarafundi.

2.1.2 Námsárangur

Á hverju ári eru niðurstöður jólaprófa teknar saman og námsárangur metinn og síðan kynntur á kennarafundi í byrjun vormisseris. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekk í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Niðurstöður jólaprófa eru svo teknar fyrir í einstaklingsviðtölum umsjónarkennara við umsjónarnemendur sína og sjónum ekki síst beint að þeim sem hefur gengið illa og þeim bent á leiðir til úrbóta.

2.1.3 Kennslukönnun og líðan nemenda

Kennslukönnunin verður gerð á meðal allra nemenda. Könnunin er a.m.k. tvíþætt. Í fyrsta hluta hennar svara nemendur spurningum um kennslu, kennsluhætti, agamál, skráningar kennara á Námsnetið og þess háttar fyrir hverja námsgrein sem þeir eru í. II. hluti viku að öðru en því sem beinlínis viðkemur kennslu og kennsluháttum. Rektor mun kynna helstu niðurstöður og setur fram tillögur að úrbótum gerist þess þörf.

Spurningar kennslukönnunarinnar eru endurskoðaðar á hverju ári með það að markmiði að gera þær þannig úr garði að svörin verði sem marktækust og að auðvelt sé að greina niðurstöður könnunarinnar. Í ár er ætlunin að skipta út nokkrum spurningum og setja inn nýjar. Gæðanefndin ætlar að fá til liðs við sig nokkra kennara til að fara yfir spurningar kennslukönnunar. Sú vinna hefst í nóvember.

2.1.4 Viðhorf nemenda

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Stjórnendur hitta bekk skólans. Rektor hyggst sitja alla fundina og með verða annað hvort konrektor eða kennslustjóri. Stjórnendur skrá sýn nemenda en þeim gefst kostur á að koma með tillögur að úrbótum og nýjar hugmyndir. Umræðan af þessum fundum verður nýtt meðal stjórnenda þegar kemur að stefnumörkun. Fundargerðir þessara opnu funda með nemendum verða settar á heimasíðu skólans.

2.1.5 Starfsmannasamtöl og rafræn könnun meðal starfsmanna

Stjórnendur taka viðtöl við alla starfsmenn árlega. Markmiðið er að kortleggja líðan starfsmanna og breyta út frá henni þeim þáttum sem hugsanlega mættu betur fara í skólastarfinu. Þegar niðurstöður kennslukönnunarinnar liggja fyrir taka rektor og konrektor viðtöl við kennara. Almenni hluti könnunarinnar er greindur og reynt að bregðast við ef í ljós kemur að þeim þætti starfsins sem skoðaður var er ábótavant.

Viðtöl fara fram eftir hugmyndafræði sem kennd er við eigindlegar rannsóknir. Hið meginlega sjónarhorn verður einnig krufið meðal starfsmanna. Lögð verður rafræn könnun fyrir starfsmenn á vormisseri þar sem líðan starfsmanna verður kortlögð. Könnunin verður borin saman við niðurstöður skólans í vali á Stofnun ársins. Rektor kynnis niðurstöður og setur fram tillögur að úrbótum gerist þess þörf.

2.1.6 Mat á þjónustu bókasafns

Stofnaður verður rýnihópur nemenda og kennara þar sem farið verður yfir framtíðarhlutverk bókasafnsins. Rætt verður hvers konar safnakost þurfi helst og hvers konar þjónustu safnið eigi að veita í framtíðinni. Áður en rýnihópurinn verður stofnaður fer fram umræða í deildum skólans. Vinnan hefst á haustmisseri og henni á að ljúka á vormisserinu.

2.1.7 Notkun námsnets

Undanfarin ár hefur skólinn notað námsumjónarkerfi sem kallast Námsnetið eða MySchool. Ræða þarf nýtt námsumsjónarkerfi og taka þarf afstöðu til þess hvaða kerfi verður notað í framtíðinni. Velta þarf upp þeirri spurningu hvort taka eigi upp nýtt kerfi eða nota áfram Námsnetið. Umræða fer fram innan deila og fer hún fram á vormisseri. Samhliða rafrænni könnun á líðan kennara verða kennarar fengnir til að svara nokkrum spurningum um það hvernig þeir nota námsnetið og verða niðurstöðurnar bornar saman við svör nemenda er varða notkun kennara á Námsnetinu.

2.1.8 Aðrar athuganir og kannanir

Haustið 2019 mun gæðastjóri hvetja til starfendarannsókna. Í byrjun nóvember verður haldinn fundur þar sem fagstjórar deilda verða beðnir að leiða það starf í sínum deildum. Rannsóknir þessar verða meginlegar og eigindlegar. Loks verða gerðar áætlanir um umbætur á þeim þáttum þar sem því verður komið við.

2.1.9 Yfirlit yfir viðfangsefni innra mats skólaárið 2019-20

Með þessu skjali fylgir viðhengi þar sem tiltekin eru viðfangsefni innra mats skólaárið 2019-20. Þegar rýnt er í viðhengið sést að stór hluti matsins er unninn eftir hugmyndafræði eigindlegra aðferða en hugsunin hér er sú að samtal eigi að fara fram um mismunandi þætti innan skólans.

3. Lokaorð

Samkvæmt lögum ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi MR verði sem bestur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans. Við gerð og undirbúning sjálfsmatsins er viðhaft tiltekið ferli þar sem mynduð eru starfsteymi sem setja fram matsspurningar og ákveða viðmið. Loks eftir greiningu gagna er umbótaáætlun gerð og hrundið í framkvæmd. Starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í gæðamatinu, með eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Með sjálfsmati gefst tækifæri til að bæta eigið starf og árangur nemenda í samræmi við skólanámskrá Menntaskólans í Reykjavík, öllum til hagsbóta.